



Umsögn

miðstjórnar ASÍ um tillögu Verkalýðsfélags Akraness til ályktunar á 42. þingi ASÍ er lítur að grundvelli til verðtryggingar

Í maí 2015 samþykkti samninganefnd ASÍ og lagði fram kröfur Alþýðusambands Íslands á stjórnvöld til lausnar kjaradeilum. Meðal þessara krafna var m.a. að finna kröfu sambandsins um að breyta ákvæðum laga um vexti og verðtryggingu í þá veru að heimild til verðtryggingar fjárskuldbindinga yrði hækkuð úr 5 árum í 10 ár og að húsnæðisliður verði tekin út úr vísitölunni.

10. Verðtrygging lána: Heimild til verðtryggingar lánasamninga verði hækkuð úr 5 árum í 10 ár og samsetning vísitölu neysluverðs verði færð nær því sem þekkist í Evrópu, þannig að hún verði án húsnæðisliðar.

Tillaga Verkalýðsfélags Akranes er í samræmi við þessa kröfu ASÍ og því mælir miðstjórn ASÍ með því að þessi ályktun verði efnislega samþykkt, en leggur jafnframt til að nefnd hugi að breyttu orðalagi milli fyrstu og annarrar umræðu.

Alþýðusamband Íslands

Sætúni 1 • Reykjavík
Sími: 535 5600 • Fax: 535 5601
asi@asi.is • www.asi.is